

1. Umferð um Suðurlandsveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Þrúðvang, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Þrúðvang skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Þingskálum, Útskálum, Laufskálum, Leikskálum og Hrafnskálum, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Umferð um Þingskála skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Heiðvangi, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí 1982.

*Sýslumaður Rangárvallasýslu, 1. mars 1982.*

**Böðvar Bragason.**

26. mars 1982.

Nr. 156.

## AUGLÝSING

**um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.**

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 3 800 000,00 fyrir hvert ökutæki. Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 7 600 000,00.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 1982 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 281 9. júní 1981 um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

31. mars 1982.

Nr. 157.

## SAMÞYKKT

**um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað,  
nr. 165 16. maí 1974.  
1. gr.**

Við 51. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi bæjarstjórnar, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn ákveður gjaldið fyrir leyfið, sem skal veitt til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 9.00 til kl. 23.30. Ákvæði 47. og 48. greinar taka til þeirra eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað,  
nr. 178 15. september 1965.

### 1. gr.

1. mgr. 75. gr. orðist svo:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini  
gefin út af flugmálastjórn.

### 1. gr.

Við grein 2.10.1.3.1 bætist nýr stafliður svohljóðandi:

c) 15 klst. flugtíma við ýmsar aðstæður hér á landi undir leiðsögn flugmanns með reynslu.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*